

Reykjavík, 3. januar 2022

Sjúkratryggingar Íslands
Eftirlitsdeild - Ari Matthíasson
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Varðar: Erindi eftirlitsdeildar vegna Heilsustofnunar NLFÍ dags. 13. desember 2021.

Fyrirsvarsmenn Heilsustofnunar NLFÍ hafa falið undirrituðum að svara ofangreindu erindi eftirlitsdeildar SÍ.

Ég leyfi mér að vísa til fyrri samskipta við Sjúkratryggingar Íslands vegna samnings um endurhæfingarþjónustu hjá Heilsustofnun í Hveragerði, sérstaklega svarts undirritaðs frá 21. október sl.

Í nýjasta bréfi eftirlitsdeilda SÍ er vikið að bókunum sem gerðar voru með upphaflegum þjónustusamningi frá nóvember 1991, sem eftirlitsdeildin hefur nú kynnt sér. Í bréfinu koma fram túlkanir á gildi þessara bókana sem alls ekki er hægt að fallast á að eigi sér nokkra stoð í viðkomandi bókunum, þjónustusamningum milli aðila allt frá árinu 1991 og órofinni framkvæmd í 30 ár.

Í fyrsta lagi þá er mikilvægt að hafa í huga að þarna er um að ræða bókanir með fyrsta samningi heilbrigðisráðuneytisins við NLFÍ um rekstur Heilsustofnunar, sem gerður er samhliða stofnun Heilsustofnunar NLFÍ. Þessar bókanir fela því í sér nokkur grundvallraratriði sem byggt hefur verið á í rekstri Heilsustofnunar og NLFÍ frá þeim tíma.

Í öðru lagi þá hefur framkvæmd og útfærsla þeirra atriða sem þarna er um að ræða verið í föstum skorðum um ára og í sumum tilfellum áratugaskeið og verður það hreinlega að teljast fjarstæðukentn að eftirlitsdeild SÍ hóti nú riftun samnings vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í bréfi deildarinnar frá 13. desember sl.

Svo vikið sé að einstökum atriðum sem fram koma í bréfinu þá verður að byrja á því að gera athugsemdir við þá fullyrðingu að samið hafi verið um að tilteknar eignir yrðu „færðar yfir til HNLFÍ“ skv. samningnum frá 20. nóvember 1991. Bent er á að í því samkomulagi kemur fram að allar eignir á Heilsuhælislöðinni tilheyri Heilsuhæli NLFÍ og koma „til afnota fyrir Heilsustofnun NLFÍ“ frá 1. janúar 1992. Þarna er ekki kveðið á um að viðkomandi eignir verði færðar yfir til Heilsustofnunar heldur er kveðið á um að þær skuli vera til afnota fyrir Heilsustofnun. Ályktunum sem byggðar eru á þessari túlkun SÍ á efni samkomulagsins verður því að hafna.

Í bréfinu er á því byggt að líta verði svo á að arðgreiðslur skv. bókunum séu bundnar því skilyrði að þær verði aldrei hærri en verðbætt upphæð sú sem fram kom í bókununum. Þessum skilningi SÍ verður að mótmæla. Hér verður að horfa til þess að í bókun 6 með samningnum kemur fram að það sé sameiginlegur skilningur aðila að nýjar fjárfestingar sem til verði stofnað verði eign NLFÍ. Í tímans rás hefur NLFÍ staðið að ýmsum fjárfestingum sem áður hafa verið

nefndar í samskiptum aðila, s.s. byggingu bað- og meðferðarhúss, nýrrar sundlaugar, nýrrar gistiálmu og svo mætti lengi telja. Allar þessar eignir eru þinglýst eign NLFÍ þó þeirra sé getið í ársreikningum Heilsustofnunar. Eðli málsins samkvæmt hlýtur afgjald það sem rennur til NLFÍ að stýrast, a.m.k. að einhverju leyti af þeim verðmætum sem lagðar eru til þeirrar starfsemi sem fram fer á vegum Heilsustofnunar. Af þeim sökum er því alfarið hafnað að í samþykkt um hækkað afgjald til NLFÍ sem vísað er til í bréfi SÍ, felist umframúttekt eins og fram er haldið.

Þá verður að hafna því sem haldið er fram í bréfi SÍ, að arðgreiðslum skv. bókun 7, hafi verið ætlað að standa undir viðhaldi og endurbótum. Sú túlkun SÍ á fyrirliggjandi gögnum er ekki í neinu samræmi við ákvæði samningsins og bókanir þær sem til er vísað. Þetta er heldur ekki í samræmi við áratugalanga framkvæmd, þar sem Heilsustofnun hefur annast um viðhald, umsjón og umhirðu húseigna og búnaðar, í samræmi við bókun 8. SÍ hefur allt frá upphafi verið gerð grein fyrir þessu fyrirkomulagi enda kemur þetta skýrt fram í ársreikningum Heilsustofnunar frá ári til árs, auk þess sem þessi atriði hafa verið til skoðunar og verið rædd sérstaklega við gerð þeirra þjónustusamninga sem aðilar hafa gert á undanförnum áratugum.

Fullyrðingar um að reksturinn hafi verið þaninn út frá árinu 1991, eru ekki svara verðar. Umfang á rekstri Heilsustofnunar hefur allt frá árinu 1991 fyrst og fremst mótað af þeim þjónustusamningi sem í gildi hefur verið við heilbrigðisráðuneytið og síðar Sjúkratryggingar Íslands hverju sinni. Það er með öðrum orðum hið opinbera sem fyrst og fremst hefur ráðið umfangi rekstursins.

Ennfremur er fullyrt að Heilsustofnun hafi átt að haga rekstri sínum þannig að greiðsla ríkisins skv. samningnum stæði undir öllum rekstrarkostnaði og arðgreiðslum, svo ekki hefði átt að koma til gjaltdöku af sjúklingum til að standa undir dvöl þeirra í endurhæfingu hjá Heilstofnun. Þessi fullyrðing byggir á svo yfirgrípsmikilli vanþekkingu á þjónustusamningum SÍ vegna Heilsustofnunar, sögu þeirra og þróun að undirrituðum er orða vant. Í öllum þeim samningum sem gerðir hafa verið á undanförnum áratugum hefur ávallt verið tekist á um fjárhæðir framlaga Sjúkratrygginga Íslands til endurhæfingar þar sem framlag samkvæmt samningnum hefur ekki dugað fyrir kostnaði við að veita þá endurhæfingu sem SÍ gerir kröfu um að innt sé af hendi. Af þeim sökum hefur um áratugaskeið verið sérstakt ákvæði sem kveður á um að Heilsustofnun eigi að innheimta sérstaklega frá dvalargestum dvalargjöld. Ítrekað er það sem fram kom í bréfi undirritaðs frá 21. október sl. að tekjum Heilsustofnunar af þessu hefur að meginhluta til verið ráðstafað til niðurgreiðslu á þeirri þjónustu sem veitt er skv. þjónustusamningi aðila. Ennfremur er minnt á þá staðreynd að endurhæfingarþjónusta sú sem Heilsustofnun veitir er mjög hagfelldur og góður kostur við kaupanda þjónustunnar en það hefur ítrekað verið staðfest bæði af Sjúkratryggingum Íslands og Ríkisendurskoðun, sbr. það sem var rakið í bréfi undirritaðs frá 21. október 2021. Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á að þann 18. maí sl. lauk eftirlitsdeild SÍ úttekt á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og gerði engar athugasemdir.

Í bréfi SÍ kemur fram sú túlkun stofnunarinnar að bókanir með samningnum frá 1991 hafi ekkert gildi og á þeim sé ekki hægt að byggja. Ænn verður að ítreka það sem áður hefur verið vikið að um tilurð samningsins frá 1991, en þar var verið að bregðast við skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Heilsuhælisins í Hveragerði. Samkomulagið frá 1991 fól í sér að lagður var nýr grundvöllur að starfsemi Heilsustofnunar og fyrirkomulagi samstarfs Heilsustofnunar, NLFÍ og heilbrigðisýfirvalda. Þær meginreglur sem þar var samið um hafa stýrt og mótað þetta samstarf allt frá þeim tíma til dagsins í dag og hafa því fullt gildi í þessu tilliti.

Því er sérstaklega mótmælt að millifærsla á fjármunum frá Heilsustofnun til NLFÍ sé ekki heimil enda er þar um að ræða fyrirkomulag sem sérstaklega var samið um í upphafi og á sér ennfremur stoð í áratugalandri athugsemdalausri framkvæmd.

Að því er varðar tilvísun til ákvæðis 10.3 í samningi aðila er rétt að benda á að þær afgjaldsgreiðslur sem NLFÍ nýtur frá Heilsustofnun fara ekki með neinum hætti í bága við það ákvæði samningsins. Í fyrra lagi var ráð fyrir því gert í bókun 7 með samningnum frá 1991 að afgjaldið væri innifalið í þeirri greiðslu sem heilbrigðisráðuneytið átti að greiða til Heilsustofnunar skv. bókun 3a. Þá er mikilvægt að átta sig á því að þær greiðslur sem Heilsustofnun hafa borist skv. þjónustusamningi aðila hrökkva ekki fyrir greiðslu kostnaðar við þá endurhæfingarþjónustu sem Heilsustofnun veitir. Þannig má t.d. benda á að árið 2019 nam framlag Sjúkratrygginga Íslands til greiðslu kostnaðar við endurhæfingu kr. 23.703 á hvern meðferðardag. Kostnaður við hvern meðferðardag var hins vegar kr. 25.735 á sama tíma. Það þyddi að Heilsustofnun niðurgreiddi endurhæfingarþjónustuna um rúmlega kr. 2.000 á hvern meðferðardag. Uppsöfnuð niðurgreiðsla sl. fimm ára nemur um kr. 380 miljónum. Sértekjur Heilsustofnunar hafa þannig verið nýttar til þess að greiða niður kostnað vegna endurhæfingar, en þær hafa ennfremur runnið til greiðslu annars kostnaðar sem til fellur í starfi Heilsustofnunar, m.a. greiðslna til NLFÍ og kostnaðar vegna framtíðarupþbyggings á starfseminni í Hveragerði, sem nauðsynleg er til að unnt verði að veita áfram hina mikilvægu og umsömu endurhæfingarþjónustu í Hveragerði. Þetta hefur ítrekað verið rædd við fulltrúa Sjúkratrygginga við gerð nýrra þjónustusamninga á liðnum árum og á stofnuninni því að vera vel kunnugt um þessar staðreyndir málsins. Lögð er áhersla á að fjármunum sem komið hafa til Heilsustofnunar frá Sjúkratryggingum Íslands á grundvelli þjónustusamningsins hefur ekki verið ráðstafað í bága við ákvæði hans.

Um eignfærslu fasteigna, aðgreiningu í bókhaldi og önnur atriði sem nefnd eru í bréfi stofnunarinnar vísast til þess sem áður hefur komið fram í samskiptum aðila. Sérstaklega er ítrekað að það fyrirkomulag á ákvörðun dvalargjalda sem nú er viðhaft er tilkomið að frumkvæði Sjúkratrygginga Íslands. Fulltrúar Heilsustofnunar lýsa sig ósammála fullyrðingum um að það gjald sé óhóflegt, enda hafa hækkanir þess fyrst og fremst stýrst af hækkun verðlags á undanförnum árum. Þá er bent á varðandi vangaveltur um að kennitala Heilsustofnunar sé ekki samningstæk, að þjónustusamningar voru allt til ársins 2019 gerðir í nafni Náttúrulækningafélags Íslands fyrir hönd Heilsustofnunar, en með samningnum frá 2019 var Heilsustofnun gerð beinn samningsaðili að tillögu SÍ. Það breytir hins vegar ekki því að Heilsustofnun er að fullu og öllu í eigu Náttúrulækningafélags Íslands og litið hefur verið svo á að félagið beri ábyrgð á skuldbindingum Heilsustofnunar m.a. með eigum sínum í Hveragerði.

Í bréfi SÍ eru settar fram kröfur á hendur Heilsustofnun og NLFÍ í fjórum liðum. Eins og fram hefur komið hafa umbjóðendur mínr ekki talið forsendur til að fallast á þau sjónarmið sem þar koma fram, enda eru þau ekki í samræmi við þá samninga og þær forsendur sem samstarf aðila hefur byggt á frá því núverandi fyrirkomulag var tekið upp á árinu 1991. Sé það vilji Sjúkratrygginga að taka fyrrgreint fyrirkomulag til endurskoðunar t.d. með því að Náttúrulækningafélagið geri leigusamninga við Heilsustofnun um leigu á þeim tæplega 13.000 fermetrum sem Heilsustofnun hefur til afnota í Hveragerði, þá vilja umbjóðendur mínr í sjálfa sér ekki útiloka skoðun á slíkum lausnum, en benda á að slík útfærsla mun að öllum líkindum verða mun kostnaðarsamari en núverandi fyrirkomulag.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að þær fullyrðingar sem fram eru settar af hálfu eftirlitsdeilda SÍ í bréfinu frá 13. desember sl. um vanefndir á þjónustusamningi aðila eiga ekki við rök að styðjast. Því er alfarið hafnað að Heilsustofnun og Náttúrulækningafélag Íslands hafi ekki staðið við þær skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur gagnvart hinu opinbera.

Lögð er áhersla á að ráðstöfun fjármuna Heilsustofnunar hefur á undanförnum árum ávallt mótað af því að hægt sé að tryggja starfsemi stofnunarinnar til lengri tíma litið og hæfi hennar til að veita góða og vandaða endurhæfingarþjónustu á góðum kjörum til handa þeim sem þangað þurfa að leita.

Í ljósi þess að í bréfi eftirlitsdeilda er því hótað að grípið verði til riftunar samnings gagnvart umbjóðendum mínum skal áréttar að lögformleg skilyrði riftunar eru alls ekki til staðar í málín. Ólögmæt riftun getur haft grafalvarlegar afleiðingar fyrir umbjóðendur mína, þá sem þangað sækja þjónustu og endurhæfingu, svo og starfsmenn og íbúa á Suðurlandi. Grípi SÍ, þrátt fyrir þetta, til þess að rifta samningi aðila áskilja umbjóðendur mínir sér rétt til að krefja Sjúkratryggingar Íslands um bætur fyrir allt það tjón, beint og óbeint, sem af slíkri riftun kann að leiða.

Virðingarfyllst,

Kristján B. Thorlacius hrl.

Afrit:

María Heimisdóttir forstjóri SÍ

Ríkisendurskoðun

Heilbrigðisráðuneytið